



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga sviðsstjóra um nýtt langtímaúrræði fyrir ungmenni í vanda.***

Á fundi velferðarráðs, þann 11. maí 2018, var lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 9. maí 2018, um samstarf við velferðarráðuneytið um nýtt langtímaúrræði fyrir ungmenni í vanda. Lagt var til að velferðarráð samþykki að taka þátt í tilraunaverkefni á vegum velferðarráðuneytisins um starfrækslu langtímameðferðarúrræðis fyrir ungmenni sem eiga í langvarandi erfiðleikum vegna vímuefnaneyslu. Um er að ræða vistunarkostnað sem getur numið allt að 26 mkr. á árinu 2018.

Samþykkt.  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 11. maí 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

*Efni: Tillaga sviðsstjóra um samstarf við velferðarráðuneytið um nýtt langtímaúrræði fyrir ungmenni í vanda. Óskað er eftir fjárheimild allt að 26 mkr. á árinu 2018.*

Lagt er til að velferðarráð samþykki að taka þátt í tilraunaverkefni á vegum velferðarráðuneytisins um starfrækslu langtímameðferðarúrræðis fyrir ungmenni sem eiga í langvarandi erfiðleikum vegna vímuefnaneyslu. Um er að ræða vistunarkostnað sem getur numið allt að 26 mkr. á árinu 2018.

### **Greinargerð**

Velferðarráðuneytið vinnur nú að því að koma á fót búsetuúrræði fyrir ungt fólk sem hefur lokið meðferð á meðferðarstofnunum Barnaverndarstofu og þarf stuðning til að fóta sig í lífinu á ný. Um er að ræða heimili fyrir þrjú ungmenni og er markmiðið að þau búi á öruggum stað og fái hlýju og umhyggju auk fastrar umgjardar sem eykur möguleika þeirra á að halda sig fjárríki vímuefnum. Eftir að börn og ungmenni hafa lokið hefðbundinni meðferð á meðferðarheimili á vegum ríkisins, sbr. 79. gr. barnaverndarlaga, er oft þörf á sérstöku búsetuúrræði, svo sem vistheimili, sbr. b. lið 84. gr. bvl., sem kveður á um að barnaverndarnefndir eigi að hafa slík úrræði tiltæk. Um er að ræða börn og unglínga sem hafa farið endurtekið og/eða dvalist á meðferðarheimilum en ómudeilt er að þau þurfa sérstakan stuðning. Um er að ræða fá börn á hverjum tíma, sem flest eru að nálgast 18 ára aldur.

Þeir unglíngar sem munu vistast í þessu nýja búsetuúrræði verða í eftirmeðferð á vegum Stuðla en hluti af meðferðinni þar er að aðstoða börnin og ungmennin til að stunda skóla eða vinnu. Velferðarráðuneytið mun greiða leigu og tryggja annan rekstrarkostnað en hvert pláss kostar um 22,5 mkr. á ári, sem sveitarfélögunum er ætlað að greiða. Alls er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaði um 150 mkr. á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir þremur ungmendum á heimilinu og væri þá hlutur sveitarfélaganna 66 mkr miðað við fullnýtt úrræði. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir vistun á tveimur ungmendum á vegum Reykjavíkurborgar og getur kostnaður numið allt að 26 mkr. á árinu 2018.

Að mati ráðgjafa Barnaverndar Reykjavíkur má telja líklegt að þessi ungmenni væru annars í endurteknum vistunum á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, á unglingadeild Vogs eða í einkareknum úrræðum á vegum Barnaverndar auk hættu á að þau væru langtímum saman í neyslu og á vergangi.